

L Ö G

um

51

7. maí

**nokkrar breytingar til bráðabirgða á hegningarlöggjöfinni
og viðauka við hana.**

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

I. KAFLI.

Um refsingar.

1. gr.

Líflátshegning er úr lögum numin. Hvarvetna þar í lögum, er glæpur varðar lífláti, komi í þess stað tyftunarhúsvinna æfilangt.

2. gr.

Vinnuskylda skal vera samfara hegningu í fangelsi við venjulegt fangaviðurværi.

3. gr.

Hvarvetna þess, er fangelsi við vatn og brauð liggur við afbroti, má í þess stað dæma brotamann til fangelsis við venjulegt fangaviðurværi í eigi skemri tíma en 12 daga og eigi lengur en 6 mánuði.

4. gr.

Ákvæðin um skilorðsbundna hegningardóma í 1.—4. gr. laga nr. 39, 16. nóvember 1907, taka einnig til manns, sem dæmdur er samkvæmt hinum almennu hegningarlögum eða 6. gr. laga þessara í alt að eins árs betrunarhúsvinnu.

II. KAFLI.

Um landráð og ýms afbrot.

5. gr.

72. grein hinna almennu hegningarlaga skal hljóða þannig:

Veki maður uppreisn eða geri samsæri í þeim tilgangi að koma hinu íslenska ríki eða nokkrum hluta þess undir yfirráð annara, þá varðar það tyftunarhúsvinnu æfilangt.

51 Hver, sem annars vísvitandi stofnar frelsi ríkisins eða hlutleysi
 7. mai í hættu, eða tekur þátt í þvítíkri uppreisn, sem greinir í 1. málsgrein, skal sæta hegningarvinnu, ekki skemur en 2 ár. Sje um gálauslegt afhæfi að ræða, varðar það fangelsi eða hegningarvinnu alt að 3 árum.

6. gr.

Hver, sem sekur verður um þjófnað, skal í fyrsta sinn sæta fangelsi eða betrunarhúsvinnu alt að 2 árum.

Ef hið stolna er eigi 30 króna virði og engin atvik eru samfara afbrotinu, er þyngi saknæmi þess, og hinn seki hefir eigi áður orðið uppvís að auðgunarglæp, má færa refsinguna niður í sektir, og skal málsókn því aðeins höfða, að sá krefjist, sem misgert er við.

7. gr.

Ef þjófnaðarbrotið er mjög stórfelt, svo sem greinir í 231. gr. hegningarlaganna, 1.—5. lið, má þyngja refsinguna fyrir afbrotið alt að 6 ára betrunarhúsvinnu.

8. gr.

Nú hefir maður, er til refsingar skal dæma samkvæmt 6. eða 7. gr., áður verið dæmdur fyrir þjófnað eða fyrir brot þau, er ræðir um í 23.—27. kap. hinna alm. hegningalaga, og má þá hækka refsinguna um alt að helmingi af þeirri refsingu, er hann hefði hlotið annars. Ef hann oftast en einu sinni er áður dæmdur fyrir þessi afbrot, má refsingin verða tvöfalt þyngri.

9. gr.

Nú verður vinnufær maður sveit sinni til þyngsla sökum óreglu eða slæpingsskapar, eða hann af sömu ástæðum vanrækir framfærsluskyldu sína gagnvart öðrum, sem við það verða bjargþrota, eða hann fyrir þessar sakir greiðir ekki úrskurðar meðlag með maka sínum eða barni, og skal þá refsa honum með fangelsi, ef hann vill ekki sinna forsvaranlegri vinnu, sem fátækrastrjórn eða lögreglustjóri vísar honum á. Ef brotið er endurtekið, má refsa honum með alt að 1 árs betrunarhúsvinnu.

10. gr.

Nú þykir lögreglustjóra ástæða til að ætla, að maður hafi ekki ofan af fyrir sjer á löglegan hátt, og er hann þá skyldur til að skýra frá, af hverju hann hafi framfærslu sína og færa rök að. Ef hann gerir það ekki, eða atvinnan er ólögleg, skal refsa honum með fangelsi, enda liggi ekki þyngri refsing við eftir öðrum lögum.

11. gr.

51

7. maí

Nú hefir maður verið dæmdur samkvæt 9. eða 10. gr. eða oftari en einu sinni fyrir auðgunarglæpi, og getur þá lögreglan lagt fyrir hann að gefa sig fram á ákveðnum tíma og gefa skýrslu um, hvar hann býr eða dvelur og hvaða atvinnu hann stundar.

12. gr.

Sá, sem gerir sjer atvinnu af fjárhættuspilum eða að koma öðrum til þátttöku í þeim, skal sæta fangelsi, eða alt að 1 árs betrunarhúsvinnu, ef miklar sakir eru.

Nú fremur maður brotið í aðalatvinnu sinni, og má þá með dómi svifta hann rjetti til þeirrar atvinnu um lengri eða skemri tíma eða að fullu og öllu.

13. gr.

Sá, sem af ásettu ráði lætur fjárhættuspil fara fram í húsum, er hann hefir umráð yfir, skal sæta sektum eða fangelsi. Sá, sem tekur þátt í slíku spili, sæti sektum.

14. gr.

Fjárhættuspil skulu öll spil um peninga eða peningavirði talin, nema lögleyfð sjeu, enda sje spilið þess eðlis og það, sem undir er lagt, svo mikils virði, að telja megi ávinningslöngunina aðalatriðið.

Veðmál, teningskast og annað slíkt skal undir sama skilorði talið til fjárhættuspila.

Með dómi skal ákveðið, að vinningur af fjárhættuspili skuli gerður upptækur.

III. KAFLI.

Um nokkrar breytingar á orðalagi almennra hegningarlaga.

15. gr.

Í stað orðanna „danska“, „dansk“, „danskur“, „danskra“ í 5., 62., 73., 74., 76., 266. og 268. gr. almennra hegningarlaga komi íslenska, íslensks, íslenskur, íslenskra.

IV. KAFLI.

Hvenær lögin öðlast gildi o. fl.

16. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1928. Þó verður ákvæðum 2. og 3. greinar laganna ekki beitt fyrir en dómsmálaráðuneytið hefir gefið út reglugerð um, hvar og hvernig vinnan komi til framkvæmda.

51

7. maí

17. gr.

Ákvæði 1. og 4.—8. gr. taka til allra mála, sem ekki eru dæmd úrslitadómi áður en lögin öðlast gildi, en 9.—14 gr. taka aðeins til brota, sem framín eru eftir þann tíma.

Með lögum þessum eru úr gildi feldar 230. gr., 232.—234. gr. og 237. gr. alm. hegningarlaga frá 25. júní 1869.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Sorgenfrihöll, 7. maí 1928.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Jónas Jónsson.

52

7. maí

L Ö G

um

tilbúinn áburð.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt, í samráði við stjórn Búnaðarfjelags Íslands, að taka í sínar hendur einkasölu á hverskonar tilbúnum áburði frá 1. okt. 1928. Þá er þetta hefir verið ákveðið, er engum öðrum heimilt að flytja hingað til landsins tilbúinn áburð.

2. gr.

Árin 1929, 1930 og 1931 er ríkisstjórninni heimilt að greiða úr ríkissjóði þann kostnað, sem af því leiðir að flytja tilbúinn áburð bæði frá útlöndum og milli og til allra þeirra hafna, sem skip Eimskipafjelags Íslands og strandferðaskip ríkisins koma á,